

# Fundargerð

Fyrsti fundur samstarfshóps um fyrirhugaða endurskoðun friðlýsingar Hverfjalls.  
Haldinn á Teams, þann 4. júní 2024 kl 14:00.

## Þátttakendur:

Davíð Örvar Hansson f.h. Umhverfisstofnunar.

Steinar Kaldal f.h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

Sigrún Jónsdóttir f.h. Þingeyjarsveitar.

Jóhann K. Kristjánsson, Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir f.h. landeiganda Voga.

Fjarverandi: Dagbjört Jónsdóttir og Sólveig E. Hinriksdóttir

## Dagskrá

- Friðlýsingaferlið
- Tímalína verkefnisins.
- Næstu skref.

## Fundarefni

DÖH fer stutt yfir sögu mála og friðlýsingaferlið.

Skv. 3. Gr. samnings ráðherra og landeigenda kemur fram að áform hafi þegar verið kynnt. Það er þó mat UST að nú, með breyttri afmörkun frá fyrri áformakynningu, sé verið að friðlýsa svæði sem er utan áður friðlýsts svæðis sem hefur ekki fengið kynningu. Því er þörf á að kynna áform. Það er þó mat að áformakynning á ekki að þurfa að tefja málið verulega enda verður unnið í samræmi við tímalínu.

Tímalína kynnt þar sem gert er ráð fyrir að friðlýsing verði tilbúin til undirritunar seinni partinn í ágúst, í kjölfarið verður unnið í stjórnunar- og verndaráætlun. Að lokum má gera ráð fyrir að stjórnunar- og verndaráætlun ásamt umsjónarsamningi verði tilbúin til undirritunar í október.

Punktur úr umræðu.

- Ath. hvort ástæða sé til að breyta afmörkun á korti fyrir kynningu á friðlýsingu í byrjun júlí.
- Ath. hvort taka eigi út veg af korti þar sem vegur hefur nú verið færður.
- Passa upp á að sveitarstjórn geti fjallað um drög að friðlýsingu fyrir sumarleyfi.

## Næstu skref

- DÖH sendir URN póst varðandi áformakynningu, ráðuneyti metur hvort lög krefjist áformakynningarinnar.
- UST undirbýr auglýsingu áforma og setur í auglýsingu svo fljótt sem auðið er.
- Davíð undirbýr skilmála og sendir á hópinn svo fljótt sem auðið er – næsti fundur um skilmála

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:55.